

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

MAÍ 2016



5. tbl. 19. árg.

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Nemendur á öllum aldri í hjólréiðaferð á bókalausadeginum í Grandaskóla um daginn.

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP | SÍMI 58 12345

RÉTTSKIL
BÓKHALDSSKRIFSTOFA

Ársreikningar Skattframtöl
Launaútreikningar o.fl.

Sími: 6600583 • 6966714
Rettskil.is

- bls. 4-6
Viðtal við
Ellert B Schram

- bls. 8
Sumardagurinn
fyrsti í Vesturbænum

Skemmtilegur en bókalaus dagur í Grandaskóla

Nýlega var haldin bókalaus dagur í Grandaskóla en á undanförunum árum hefur sú venja verið viðhöfð að leggja skólabækurnar til hliðar tvisvar á ári og nemendur og kennarar sinna öðrum verkefnum þá daga. Þá er nemendur einnig blandað saman án tillits til aldurs.

Á bókalausa deginum nú fóru nemendur meðal annars í hjólréiðaferð, gönguferð, farið var í

útileiki og einnig í boccia, kubb, boðhlaup, stinger, blöðrublak, stígvélakast, krocket, badminton, hjólaþrautir, snú snú, samvinnuleiki og fótabað svo nokkuð sé nefnt. Bókalausu dagarnir hafa mælst mjög vel fyrir. Margt áhugavert er jafnan í boði en áherslan er þó einkum lögð á samvinnu allra nemenda og gildi ánægjunnar.

S
Systrasamlagið

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlauginna og World Class.
Sími: 511 6367

Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Hvítasunnutilboð!

Svínakjöt úr kjötborði

Nautaribeye úr kjötborði 4.298,- kr kg

Melabúðin
þín verslun

Sími 551-0224

Afgreiðslutími um hvítasunnu

Föstudagur 09-20 Sunnudagur 12-20

Laugardagur 10-20 Mánudagur 10-20

Tilboðið gildir hvítasunnuhelgina 13.-16. maí



Nýtt í Melabúðinni. McCain steiktar sætar kartöflufranskar! Algjört lostæti.

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

5. tbl. 19. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R



Öllum 18 mánaða og eldri býðst leikskólaláss

Öll börn fædd í janúar og febrúar á árinu 2015 fá boð um að komast í leikskóla í ágúst. Með þessu verða þau tímamót að öllum börnum 18 mánaða og eldri býðst leikskólaláss frá og með haustinu en reglur borgarinnar hafa miðast við að börn innritist á leikskóla árið sem þau ná tveggja ára aldri. Svigrúm verður til að taka inn fleiri börn í leikskólana á haustmánuðum vegna barnafækkunar á milli ára og verða því um 200 börn yngri en tveggja ára innrituð. Framundan er vinna við að greina tækifæri til að bjóða enn yngri börnum leikskólaláttunustu á komandi árum. Stefna núverandi meirihluta borgarstjórnar er að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla m.a. með aðkomu ríkisins.

Ný byggingarreglugerð mun lækka fasteignaverð

Með breytingu á byggingarreglugerð eru stór skref stigin í átt til lækkunar fasteignaverðs, sér í lagi þegar kemur að smærri íbúðum. Stjórnvöld hafa með þessu greitt fyrir því að fleiri einstaklingar geti eignast húsnæði á komandi árum.

Þetta segir Viðskiptaráð Íslands sem fagnar breytingu umhverfis- og auðlindaráðherra á byggingarreglugerð. Með breytingunum getur lágmarksstærð íbúðar sem er eitt herbergi minnkað verulega og orðið um 20 fermetrar fyrir utan sameign. Lágmarksstærð íbúðar með einu svefnherbergi getur minnkað samsvarandi.

Íbúðir leigðar utangarðsfólki

Velferðarsvið fer á þessu ári af stað með tveggja ára tilraunaverkefni sem byggir á hugmyndafræði „Housing First“ en í því felst að fjórar leiguíbúðir hjá Félagsbústöðum verða leigðar utangarðsfólki með sérstökum stuðningi. Vettvangs- og ráðgjafateymi þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða verður íbúum til stuðnings við að halda heimili. Þeir einstaklingar sem þarna munu búa fá einstaklingsmiðaðan stuðning sem getur falið í sér t.d. aðstoð við innkaup, þrif, skipulagningu heimilishalds og aðstoð við að halda almennar húsreglur í fjölbýli. Verkefnið er talið falla vel að stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2008-2012 þar sem markmið eru meðal annars að koma í veg fyrir að fólk verði utangarðs til lengri tíma, tryggja því viðeigandi stuðning og auka lífsgæði. Auk ofangreindra leiguíbúða eru ellefu íbúðir fyrir í Vesturbæ og fjögur smáhýsi þar sem íbúar búa með stuðningi frá starfsmönnum Vettvangs-

og ráðgjafateymis. Einnig eru rekin tvö herbergjasambýli fyrir utangarðsfólk, annars vegar heimili fyrir átta karla með vímuefnavanda og hins vegar heimili fyrir átta karla með tvígreiningu þ.e. vímuefnafíkn og geðfötlun. Þá er Gistiskýlið við Lindargötu fyrir 25 karla og Konukot fyrir átta konur.



Þrjár nýir íbúakjarnar fyrir fólk með þroskahömlun

Þrjár nýir íbúakjarnar fyrir fólk með þroskahömlun verða opnaðir á þessu ári og því næsta. Þetta er til viðbótar við fyrri samþykktir borgarráðs og alls verða því sex íbúakjarnar opnaðir í Reykjavík á einu ári. Biðlistar eftir sértækum húsnæðisúrræðum hafa lengst og í upphafi árs biðu 135 einstaklingar með þroskahömlun eða skyldar raskanir eftir húsnæði.

Frostaskjól og Kampur sameinaðar

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. mars sl. og borgarráði 17. mars var samþykkt að sameina yfirstjórn frístundamiðstöðvanna Kamps og Frostaskjól frá og með 1. ágúst 2016. Stjórnendateymi sameinaðrar frístundamiðstöðvar skipa eftirfarandi: Guðrún Kaldal framkvæmdastjóri, Þorsteinn V. Einarsson deildarstjóri unglingsstarfs, Steinunn Grétarsdóttir deildarstjóri barnastarfs og Héðinn Sveinbjörnsson fjármálastjóri. Við óskum þeim velfarnaðar í því starfi að byggja upp sameinaða frístundamiðstöð í Vesturbæ og Miðborg/Hlíðum.



Karen María deildarstjóri

Karen María Jónsdóttir hefur verið ráðin deildarstjóri Upplýsingamiðstöðvar ferðamála. Karen María lauk M.A. gráðu í stjórnun stofnana með áherslu á menntastofnanir

frá Háskóla Íslands árið 2014 og M.A. – diploma í opinberri stjórnsýslu frá sama háskóla árið 2015. Áður hafði hún lokið doktorsgráðu í leikhúsráðum annarsvegar og hinsvegar M.A. gráðu í þverfaglegri listgreinakennslu frá Háskólanum í Amsterdam árið 2004. Hún lauk jafnframt B.A. gráðu í listdansi frá Listaháskólanum í Arnheim – ArtEZ árið 1998. Karen María hefur haft umsjón með stærstu hátíðum Reykjavíkurborgar síðustu fimm ár.

Neikvæð

rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A og B hluta, var neikvæð um 4.980 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 7.392 mkr. Meginástæða þess er hækkun á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga sem nema 14.666. Þær skuldbindingar komu þó ekki til greiðslu á síðasta ári heldur er um skuldbindingar til næstu ára og áratuga að ræða. Aðrar ástæður eru fjármagnsgjöld Orkuveitu Reykjavíkur vegna gjaldfærðra gangvirðisbreytinga, alls 10,2 milljarðar, sem til komin eru vegna áhrifa lækkunar álverðs en að hluta til kemur tekjufærður gengismunur á móti – vegna veikingar evru.

Breytingar við

Fiskislóð samþykktar

Samþykkt hefur verið að breyta áður samþykktu erindi um að sett verði hurð á norðvesturhlíð, gluggar og hurðir á norðvesturhlíð og suðurvesturhlíð lokað, veggur á milli vörumóttöku og verslunar Byko færður innar, nýr inngangur í nýtt anddyri að innihurð stækkaður og ýmsar aðrar innanhússbreytingar í húsi á lóð við Fiskislóð 15 til 21.

Brim á Fiskislóð

Útvegsfyrirtækið Brim mun flytja höfuðstöðvar sínar í Örfirisey nánar tiltekið á Fiskislóð þar sem netaverkstæði fyrirtækisins er til húsa. Með því er verið að sameina starfsemin á einn stað.

Höfuðstöðvar Brims hafa verið um tíma við Bræðraborgarstíg 16 og nú hyggst félagið selja það húsnæði. Enn mun sala á húsinu vera ófraqengin en kaupendur komnir á kreik.



rafmagn@mi.is

Geru við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Vesturbæingar

Parf maður að vinna skákir til að verða Vesturbæjarbiskup?

Hreinsunardagar og eldhugar í umhverfismálum



Mynd af börnunum með borgarstjóra á myndinni f.v.: Fjóla Ösp Baldursdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Hekla Soffía Gunnarsdóttir, Erna Þórey Sigurðardóttir, Freyja Dís Gunnarsdóttir, Þorgerður Þorkelsdóttir og Kári Pálsson.

Reykjavíkurborg efndi til sérstakra hreinsunardaga 2. til 7. maí sl. Hreinsunardagarnir tengjast sérstakri evrópskri hreinsunarviku sem borgin tók þátt í undir yfirskriftinni Hreinsum saman, tókum þátt og tinum rusl. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók þátt í áttakinu ásamt starfsfólki ráðhúss Reykjavíkur og hirti upp rusl í nágrenni við ráðhúsið og veiddi upp rusl úr Tjörninni.

Hann notaði einnig tilefnið og heiðraði nokkra unga

eldhuga í umhverfismálum sem hafa meðal annars komið á fund til hans og staðið fyrir hreinsunaráttaki á eigin vegum í nágrenni sínu. Hann afhenti þeim viðurkenningarskjal og skráningu á eitt sumarnámskeið í þakkarskyni. Borgarstjóri sagði að það væri ekki síst fyrir eldhuga eins og þessa krakka að farið væri í hreinsunaráttak í borginni. Það væri ómetanlegt að eiga svona frumkvöðla eins og þessa krakka sem væru svona góðar fyrirmyndir.

Leiðrétting

Sú leiða villa slæddist inn í viðtal við Guðrúnu L. Ásgeirsdóttur í síðasta tölublaði Vesturbæjarblaðsins að sagt var að amma hennar Guðrún Lárusdóttir eiginkona Sigurbjörns Á. Gíslasonar í Ási hafi drukknað ásamt tveimur dætrum þeirra í Rangá. Hið rétta er að þær drukkuðu í Tungufljóti í umferðaslysi sem varð þegar bifreið þeirra lenti í fljótinu. Einnig misritaðist nafn næst yngstu systur Guðrúnar en hún heitir Þórdís. eru hlutaðeigandi og lesendur beðnir velvirðingar á þessu.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Öll rúnstykkki á



Fagmenska tryggir gæðin

80 kr. stk

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Ætlaði á togara en lenti í ritstjórástól

Ellert Schram, fyrrum alþingismaður, ritstjóri, forseti ÍSÍ og síðast en ekki síst knattspyrnumaður um langt árabil hefur að undanfögnu snúið sér að málefnum eldri borgara. Hann segir að þrátt fyrir góða stöðu um 70% fólks sem komið er að sjötugu og eldri eigi um 30% fólks á þessum aldri í erfiðleikum sem bæði tengist fjárhag, félagslegum samskiptum og heilsu. Ellert segir að ekki megji gleyma því að þetta fólk hafi lagt sitt til samfélagsins og eigi því inni hjá því möguleikann á sómasamlegu lífi á þessu aldurs skeiði. Ellert spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni, bæði um stöðu eldra fólks og feril hans í gegnum tíðina.

Ellert hefur lengi tengst Vesturbænum og vikur fyrst að samferð sinni með þessum gróna bæjarhluta. „Ég er fæddur á Víðimelnum í október 1939. Síðan fluttumst við í Norðurmýrina um tíma en komum til baka í Vesturbænum 1948. Þá fluttum við í Sörlaskjól 1 – í háflklárað hús sem algengt var í þá daga og svo vill til að ég er þar ennþá. Að vísu með hléi vegna þess að þegar ég gifti mig upp út tvítugu, 1963 þá fór ég að heiman. Þjó víða í vesturbænum, Tómasarhaga, Kaplaskjólsvægi, Boðagranda og Stýrimannastíg. Þegar faðir minn Björgvin Schram var orðinn einn eftir í húsinu í Sörlaskjólínu var það selt. En meira en þremur áratugum frá því að ég flutti þaðan, eða 1996, rakst ég á eigendur þess í Vesturbæjarlauginni og spurði þau hvort húsið væri til sölu. Þau tóku áhuga mínum vel og svo fór að ég keypti húsið aftur inn í fjölskylduna og bý nú á óðalínu með Ágústu konu minni og afkomendum.“

Spilaði í hálfra öld undir merkjum KR

Fótboltinn einkenndi líf Ellerts lengi. „Það er rétt. Ég var ekki fyrr fluttur úr Norðurmýrinni í Vesturbænum að ég fór að spila fótbolta með KR. Ég spilaði í um hálfra öld undir merkjum þess góða félags. Mestan hluta með sigursælu liði og svo var ég fyrirliði, formaður og ritstjóri KR blaða í fjölda mörg ár, formaður KSÍ og forseti ÍSÍ, þannig að þessi tengsl mín við íþróttirnar voru

mikil. Ég fer stundum á völlinn þegar KR spilar á heimavelli en að öðru leyti eru afskipti mín og aðkoma ekki mikil á seinni árum. Það fennir í sporin og ferillinn fellur í gleymskunnar dá, eins og gengur. Það hefur sinn gang eins og annað, þegar tíminn líður.“

Þetta voru yndisleg ár

Þegar Ellert er spurður um afrek hans í fótboltanum, rifjar hann upp að hann hafi unnið tuttugu titla í Íslandsmótum, Bikarkeppni og Reykjavíkurmótum og sé markahæstur KR-inga í 117 ára sögu félagsins. Hóf ferilinn 1947 á Grimstaðaholtinu og segist halda upp á sjöttu ára fótboltaafmæli sitt á næsta ári. „Eftir situr,“ segir Ellert, að í þátttöku hans og störfum í þágu íþróttanna, hafi hann eignast vini og skemmtilegar stundir, sem hafi gert líf hans eftirminnilegt og glaðvært. „Þetta voru yndisleg ár“, segir Ellert. „Ég á þau ennþá í minningunni.“ Ellert starfaði einnig að málefnum knattspyrnunnar á erlendum vettvangi, kynntist starfi alþjóðasamtaka á borð við FIFA og UEFA og var stjórnarmaður hjá UEFA í átta ár, og nefndarmaður í ýmsum verkefnum á þeim vettvangi í þrjátíu ár. „Á síðustu tuttugu árum hefur knattspyrnan í Evrópu, með tilkomu beinna útsendinga í sjónvarpi breytt amatörum í atvinnumenn, peningarnir flætt inn, sem hefur ýtt undir girnd og græðgi og valdið þeirri spillingu sem nú hvílir eins og skuggi yfir bæði UEFA og FIFA. Það er sorgleg þróun.“

Hjá Reykjavík á miklum uppbyggingartímum

Ellert gaf sér þó tíma frá fótboltanum til háskólanáms og útskrifaðist úr lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann starfaði á lögmannsstofu í skamman tíma en fór þá til starfa hjá Reykjavíkurborg. Hann tók við starfi skrifstofustjóra hjá borgarverkfræðingi og var þar í fimm ár. „Ég hafði mikið yndi af að starfa hjá borginni. Þetta var á árum mikillar uppbyggingar. Á þeim tímum þegar ráðist var í að malbika götur í borginni og einnig var unnið að miklum hitaveituf framkvæmdum. Á þessum árum var einnig verið að úthluta lóðum í nýjum

borgarhverfum því borgin teygði anga sína víðar. Byggðin leitaði lengra og lengra út frá gömlu borginni. Hún óx mikið á þessum árum og fólk flutti þúsundum saman til Reykjavíkur frá ýmsum stöðum á landinu.“

Úr sveitaþorpi í borg

Ellert segir að ráðist hafi verið í að byggja upp Fossvoginn á þessum tíma, Árbæjarhverfið verið stækkað og braggahverfin rifin. Þá hafi undirbúningur að byggingu Breiðholtsins verið hafinn sem sé eitt stærsta vaxtarverkefni Reykjavíkurborgar fyrr og síðar. „Þetta var á þeim árum sem Reykjavík var að breytast úr sveitaþorpi í borg. Það var mikill búskapur stundaður innan borgarmarkanna og jafnvel inn í þéttbýlinu sjálfu. Ég held að yngra fólk í dag geri sér ekki grein fyrir hvernig þetta var. Það var mikið skepnuhald í borginni. Fólk bjó með kýr, sauðfé, svín og hænsni í allskyns kofum og fjósum. Við gerðum átak til þess að draga úr dýrahaldinu og ég man að okkur tókst að fækka sauðfénu um 3000 niður í 300 á einu ári. Fólk var líka með hross inn í byggðinni og það kostaði mikið átök við félagi í Fákí að flytja höfuðstöðvar hestamannafélagsins úr Blesugrófinni upp í Víðidal.“

Ætlaði á togara en lenti í ritstjórástól

„En svo kom að því að ég þurfti að hætta í þessu skemmtilega starfi. Ég datt inn á þing 1971 og sat á þingi til 1979 í þeirri lotu. Ég hefði gjarnan viljað sinna þingstjórn lengur en vegna óróa í Sjálfstæðisflokknum gaf ég sjálfviljugur eftir það sæti sem ég hafði fengið í prófkosningum og datt út af þingi í kosningum síðla árs 1979. Það er stundum sagt að erfitt sé fyrir fyrrverandi þingmenn að fá vinnu ef þeir hætta þingsetu og ég var alvarlega farinn að hugsa um að ráða mig á togara bara til þess að hafa eitthvað að gera. Ég hafði verið tvö sumur á togara á árunum þar á undan og þekkti því aðeins til sjómennskunnar. Svo fór hinsvegar að mér bauðst ritstjórastaða á Vísi sem síðar sameinaðist Dagblaðinu og varð DV – frjálst og óháð, en þá voru önnur dagblöð í tengslum



Ræðuhold og uppistand var stór þáttur í lífi mínu, segir Ellert.



Íslandsmeistarar KR 1965, fyrir hálfri öld: Efri röð frá vinstri: Guðbjörn Jónsson, þjálfari (látinn), Gunnar Felixson, Hreiðar Ársælsson (látinn), Heimir Guðjónsson, Guðmundur Haraldsson, Hörður Felixson og Ársæll Kjartansson.

Neðri röð frá vinstri: Bjarni Felixson, Þorgeir Guðmundsson, Sveinn Jónsson, Ellert B Schram, fyrirliði, Kristinn Jónsson, Einar Ísfeld (látinn) og Baldvin Baldvinsson (látinn). Allt piltar, aldir upp í Vesturbænum eða búsettir þar.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



við stjórnmalaflokkana. Ég var þar í fimmtán ár, með Jónasi Kristjánssyni og fleira af góðu fólki.“

Kom í minn hlut að stýra ÍSÍ

„Þegar hér var komið sögu í lífi mínu, búinn að vera ritstjóri í hálfan annan áratug, gaf ég kost á mér sem varaforseta Íþróttasambands Íslands. Forseti var Sveinn Björnsson, sá góði maður. Hann féll frá tveimur árum síðar og það kom í minn hlut að stýra ÍSÍ. Þar var ég allt til ársins 2006 og var jafnframt atvinnna mín. Ég var leystur frá störfum við ritstjórn DV árið 1995, enda með fangið fullt af verkefnum og vinnu hlerlendis og erlendis í þágu íþróttanna. Ég get ekki rakið allt það sem við var að etja á þessum nýja vettvangi, sem var þó ærið og við verðum sennileg að hafa annað viðtal, til að fjalla um það sem á daga mína dreif, þegar ég var orðinn æðsti prestur í íslensku íþróttastarfi. Segi það eitt, að það var viðburðaríkur og spennandi þáttur í lífi mínu.“

Aftur á Alþingi

Þá tók næsti kafli þingsögunnar við. 1983 gaf Ellert aftur kost á sér til setu á Alþingi og flaug inn. „Stundum er sagt að enginn sé annars bróðir í leik og móttökurnar í þingflokknum voru þannig að mér fannst að ég ætti ekki lengur erindi í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Ég sat þó út kjörtímabilið utan að ég tók hlé í eitt ár en hætti við þinglok 1987 – þá í annað sinnið. Ég hafði engar hugmyndir um að ég myndi enn og aftur gerast þingmaður en svo gerðist það árið 2003 að ég geng til liðs við Samfylkinguna. Ég var settur á framboðslista og var kosinn varamaður. Ég sat á þingi í nokkra mánuði sem slíkur en í



Átti gott samstarf með Geir Hallgrímssyni, bæði í borgarstjórn og á alþingi.

kosningunum 2007 var ég aftur á lista Samfylkingarinnar í fimmta sæti. Þrír náðu kjördæmakosningu og því fylgdi uppþótarsæti. En svo furðulega vildi til að við lokatalningu fengum við annað uppþótarsæti og ég datt inn á þing sem aðalmaður. Ég held að þetta sé í eina skiptið í þingsögunni sem framboðslisti hafi fengið tvö uppþótarsæti og byggir auðvitað á ákveðinni reiknireglu, en að atkvæði leggist svona upp er einsdæmi. Og fyrir vikið þá sat ég á þingi þegar hrúnið skall á haustið 2008.“

Hafði gaman af pistlaskrifum

Ellert segir að þetta sé bæði langur og brokkgengur þingferill. „Ég hef verið með hléum á þingi frá 1971 til 2009 frá því ég kom fyrst inn á þing og þar til ég hætti. Í framhjáaldi sinni ég störfum fyrir KSÍ og ÍSÍ, nokkuð flókið

og erilsamt. En blaðamennskan var mér hjartfólgin og ég var duglegur í skrifum, þótt ég segi sjálfur frá. Ég byrjaði snemma að skrifa í blöð. Um 1960. Ég skrifaði í KR blöðin og skólablöð á námsárum. Blaðamaður á Vísi á skólaárunum. Ég skrifaði um tíma pistla í Morgunblaðið og síðan í DV meðfram ritstjórnarstörfum. Ég hafði alltaf gaman af pistlaskrifunum. Þar gat ég látið mín eigin sjónarmið koma fram. Skrif mín í frjálst og óháð blað gerði það að verkum að sjóndeildarhringurinn varð stærri. Ekki flokkspólítískur.“

Átti ekki lengur samleið með Sjálfstæðisflokknum

En breyttist það í gegnum tíðina? Ellert gekk ungur til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. Hann segir að í uppvexti sínum hafi ekki verið erfitt að ganga til liðs við

þann flokk. „Sjálfstæðisflokkurinn studdi vestrænt lýðræði og hafnaði kommúnisma sem skók heimsbyggðina og var hér á landi öflug hreyfing í pólitíkinni. Sjálfstæðisflokkurinn var að mörgu leyti jafnaðarmannaflokkur á þessum árum. Viðreisnarstjórnin 1959 til 1967 stóð sig vel, frjálslyndi, jöfnuður og bræðralag naut sín. Höftin voru afnumin. Þegar leið að aldamótunum breyttist Sjálfstæðisflokkurinn í frjálslyngjuflokk, a la Thatcher og Reagan, hrópaði „báknið burt“, seldi bankana, gaf nánast fiskikvótana og virti fjármálaeftirlit að engu. Einkavæðing var boðorðið. Gamla helmingaskiptareglan reis upp á afturfótunum eins og í hermanginu forðum.. Einstaklingsfrelsið fól í sér að gera þá ríku ríkari. Mér fannst því ég ekki eiga samleið með honum lengur. Þetta tvennt réð mestu um að ég valdi nýja leið í pólitíkinni.“

Alltaf verið veikur fyrir frelsi, jafnrétti og bræðralagi

Samfylkingin undir forystu Ingibjargar Sólrúnar höfðaði til mín. Ég bauð þeim krafta mína og liðveislu, sem varð til þess að ég var settur á lista þess flokks í kosningunum 2003 og aftur 2007. Ég sat á þingi þegar „hrúnið“ skall á. Það voru erfiðir dagar og ég stend á því enn, að ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms hafi unnið kraftaverk í þeirri baráttu að halda samfélaginu gangandi. Hér var allt í rúst, 50 milljarða gat á fjárlögum ríkisins og gjaldþrot á hverjum degi í atvinnurekstri. Heimilin sokkin í skuldum. Ég gaíst svo sem ekki upp en þegar gengið var til kosninga 2009, gaf ég ekki lengur kost á mér. Enda að verða sjötugur og saddur. Þar endaði stjórnmalaferrillinn.“

Eldri borgarar hafa lagt samfélaginu sitt

En svo vikur sögunni frá íþróttahreyfingunni og pólitíkinni til málefna eldri borgara sem Ellert hefur tekið upp á arma sína af krafti eins og honum er lagið. „Ég hafði lengi vel engin afskipti af málefnum eldri borgara einfaldlega því mér fannst ég ekki vera nógu gamall til þess. Svo fór að ég var beðinn um að gefa kost á mér í stjórn FEB. Ég komst ekki einu sinni á fundinn, er var kosinn samt. Nú er ég orðinn varaformaður í félagsskap og hef gaman af.“

Ég er hrifinn af starfsemi þess og mér finnst félagið veita góða þjónustu sem ekki veitir af þrátt fyrir að um 70% af eldri borgurum – fólk sem er 67 ára og eldra sé í mjög góðum málum og á það við bæði fjárhagslega, félagslega og heilsufarslega. Sumir eru enn í vinnu. Margir sinna félagsstörfum og fleiri og fleiri eru duglegir að hreyfa sig sem er fyrir öllu þegar kemur að hinum efri árum. Margt fólk býr við góðan kost. Nýtur reynslu og þekkingu og er í miklum samskiptum við nærumhverfi sitt.“ Ellert fann sér nýtt viðfangsefni eftir að hann komst á áttræðisaldurinn. „Ég skráði mig í Háskóla Íslands og hef nú í þrjá vetur sótt tíma í sagnfræði og heimspeki. Ég er ekki að gera þetta til þess að taka próf eða ná mér í nýja háskólagráðu. Heldur mér til fróðleiks og gamans og mér finnst líka ánægjulegt að vera í nánd við unga fólk og andrúmsloftið í háskólanum. Mér finnst kominn á þennan aldur örvandi og auka lífsgildið að hlýða á fyrirlestra ágættra kennara og fræðimanna. En þegar maður lítur yfir svið eldri borgara stendur eftir um um 30% eða hátt í fjögur þúsund manns býr við einangrun og jafnvel við sára fátækt.“

Framhald á bls. 6.

Til hamingju KR-ingar!

Við óskum KR-ingum til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik karla árið 2016. Landsbankinn kappkostar að styðja við bakið á íslensku íþróttalífi og er stoltur bakhjarl körfuknattleiksdeildar KR.

landsbankinn.is
410 4000



Ellert um borð í togara út á halamiðum 1978. Skipið hét Bjarni Benediktsson.

Framhald af bls. 5.

Það er þessi hópur sem þarf á því að halda að komið sé til móts við hann varðandi húsnæðismál, heilbrigðismál og hvað þá fjármál til að það geti fleytt sér áfram. Ef til vill er það stærsta verkefnið að fá samfélagið til þess að gera sér grein fyrir þessu ástandi. Flest af þessu fólki er búið að leggja sitt til samfélagsins. Það hefur tekið þátt þeirri jákvæðu þróun sem átt hefur sér stað í að byggja hér upp gott mannlíf í gegnum árin. Við megum ekki gleyma því að þetta fólk á inni hjá okkur að geta lifað sómasamlegu lífi. Átt sér félagsleg tengsl, hafi aðgang að heilsugæslu og líði ekki skort. Það er margt eldra fólk á lífi sem greiddi lítið eða ekki í lífeyrissjóði og þarf að lifa af ellilaunum einum saman auk þess sem við búum við skerðingarákvæði sem taka af þeim, hafi fólk einhverjar tekjur. Þar liggur gildra sem fólk kemst engan veginn fram hjá. Þetta er hrein fátækragildra sem þjóðfélagið viðheldur. Það er eitt verkefna okkar að berjast fyrir því að þessari gildru verði útrýmt. Og verkefni er ekki eingöngu að laga kerfið. Fólk sem lifir á strípuðum lífeyrisgreiðslum lifir langt undir viðmiðunarmörkum. Við þurfum að útrýma þessari fátækt. Þetta er verkefni sem bæði Alþingi og sveitarfélögin verða að sameinast um að taka á. Það var hneyksli að skilja þetta fólk eftir þegar aðrir fengu launahækkanir á liðnu ári. Við erum að tala um fólk sem hefur 230 þúsund krónur á mánuði á almannatryggingakerfinu og fær um 170 þúsund í hendur þegar búið er að taka hluta þessara greiðslna aftur til baka í formi skatta. Svo eru einnig stór verkefni fyrir hendi í húsnæðismálum. Annað hneyksli er að þegar fólk fer á hjúkrunarheimili þá er það gert ósjálfbjarga fjárhagslega. Nánast allt er tekið af því nema örlitlir dagpeningar. Það er

eitthvað skrítið við kerfi sem vinnur svona.“

25 tillögur sem snúa að eldri borgurum

Ellert segir að þetta hafi meðal annars valdið því að hann tók að sér að formennsku í stýrihóp á vegum Reykjavíkurborgar sem á að vinna tillögur að því hvernig gera megi Reykjavík að aldursvænni borg. Hvað hægt sé að gera betur í þeim efnum. „Við fengum þrjá mánuði til þess að sinna þessu verkefni og höfum nú skilað af okkur 25 tillögum sem snúa að umhverfi eldri borgara og þörfum þeirra. Þessar tillögur snúast að miklu leyti um praktísk málefni. Ein er að standa vel að hálkuvörn í kringum þjónustumiðstöðvar borgarinnar, önnur að endurskoða matarþjónustu með því markmiði að bjóða sem næringarríkasta fæðu. Einnig að bæta aðstöðu eldri borgara í íþróttamannvirkjum í samvinnu við íþróttahreyfinguna og að gefa hreyfiseðla út í auknum mæli sem hluta af endurhæfingu. Við viljum að allri sem orðnir er 67 ára fá frítt í sundlaugar borgarinnar og einnig að líkamsræktarstöðvar bjóði ókeypis aðstöðu á þeim tímum dagsins þegar aðsókn er í lágmarki. Við leggjum einnig áherslu á heimsóknir til eldri borgara sem eru í litlum eða engum félagslegum tenglum við ættingja eða kunningjafólk. Við leggjum mikla áherslu á að fólk eigi þess kost að hreyfa sig því fátt er eldra fólki dýrmætara en hreyfingin. Við teljum að þessar hugmyndir og tillögur þurfi ekki að kosta mikil fjáruútlát en geti komið mörgu eldra fólki til góða þar sem megin áherslan er lögð á hreyfingu og félagsleg samskipti,“ segir Ellert Schram að lokum.

Vesturbugt tilbúin til uppbyggingar

... um 170 nýjar íbúðir verða byggðar við gömlu höfnina - 10% verða leiguíbúðir

Nýjar lóðir í Vesturbugt við gömlu höfnina í Reykjavík við Mýrargötu eru tilbúnar til útboðs. Lóðirnar eru við Hlésgötu í Vesturbugt. Þær eru miðsvæðis og um gott útsýni yfir höfnina og til Ésjunnar er að ræða sem gera ætti svæðið eftirsóknarvert til búsetu. Kaupandi byggingarréttarins fær heimild til að hanna og byggja um 170 til 176 íbúðir og atvinnuhúsnæði á jarðhæðum. Undir húsunum verða bílageymslur með um 170 bílastæðum og verða þau í umsjá Bílastæðasjóðs Reykjavíkur til að ná fram betri nýtingu þeirra allan sólarhringinn.

Uppbygging í Vesturbugt er liður í þeirri stefnu að auka byggð í nálægð við vinnustaði, verslun og þjónustu miðborgarinnar. Deiliskipulag fyrir Vesturbugt gerir ráð fyrir vistvænum áherslum og vönduðum almenningsrýmum sem styðja vel við mannlíf og útivist. Torg og stígar innan lóða verða hluti almenningsrýmis. Gróður er hluti af frágangi þeirra og hitalögn verður undir göngusvæðum. Áherslur Reykjavíkurborgar í uppbyggingunni eru einnig að styðja við fjölbreytta byggð og gerir borgin ráð fyrir að kaupa um 74 íbúðir af íbúðunum 170 - 176 samkvæmt tilboði bjóðanda. Til að ná fram markmiðum Reykjavíkurborgar um blandaða íbúðabyggð er gerð krafa um að 10% íbúða verði leiguíbúðir. Af hálfu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að ná fram fjölbreyttu yfirbragði byggðarinnar og í deiliskipulagi eru gerðar kröfur um hönnun með það í huga að fá fram fjölbreytileika í útliti húsa. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri segir ánægjulegt að þessum áfanga skuli vera náð. Vesturbugtinn sé áhugaverður staður og mikilvægt að vel verði staðið að uppbyggingu. Dagur kveðst vilja sjá áhugaverða blöndu af íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði og skapandi lausnum og góða hönnun og kveðst sannfærður um að þetta lykilverkefni eigi eftir að vekja áhuga og athygli góðra þróunar- og uppbyggingaraðila.



Hér má sjá staðsetningu lóðanna við gömlu höfnina.



Líkan sem sýnir staðsetningu íbúðanna.



Hér má sjá staðsetningu hverrar byggingar fyrir sig.

Gólfdukur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið
hjarta heimilisins



Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft



Forstofan
einfaldara verður það ekki



Stofan
alltaf jafn heimilislegt



Baðherbergið
hlýtt og mjúkt undir fæti



Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með
gólfduki og teppi

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Sumargötturnar komnar

... 74% ánægð með lokun gatna í miðborginni á sumrin

Tími sumargatnanna eða göngugatna í miðborginni er runninn upp. Hann hófst 1. maí og mun standa til 1. október. Nokkur umræða hefur jafnan orðið um sumargötturnar í miðborginni en samkvæmt könnunum hafa þær mælst vel fyrir undanfarin ár. Í netkönnun sem framkvæmd var af Gallup fyrir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar á liðnu ári kváðust 74% þeirra sem svöruðu jákvæðir gagnvart því að banna bílaumferð á tilteknum götum en aðeins 13% neikvæðir.


Pósthússtræti við Kirkjustræti verður göngugata frá 1. maí til 1. október. Gatan verður opin fyrir akstur milli kl. 07:00 og 11:00 frá mánudegi til föstudags. Hafnarstræti verður göngugata að austanverðu frá Pósthússtræti en umferð heimiluð í Hafnarstræti frá Tryggvagötu. Laugavegurinn, frá Vatnsstíg að gatnamótum Bankastrætis og Þingholtstrætis, og Skólavörðustígur frá gatnamótum

Bergstaðastrætis að Bankastræti, verður göngugata frá 1. maí til 1. október. Auk þessa verður neðsti hluti Bergstaðastrætis einnig gerður að göngugötu. Það er gert vegna þess að Smiðjustígur, sem er í beinu framhaldi af Bergstaðastræti, er lokaður vegna framkvæmda og því ekki hægt að komast þá leið niður á Hverfisgötu. Hliði verður bætt við á horni Bergstaðastrætis og Skólavörðustígs sem verður lokað þegar þörf krefur.



Þannig sjá Sólskinsbörn Skólavörðuholtið fyrir sér. Þessum myndum og fleirum hefur verið komið upp neðst á Skólavörðustígnum á þeim hluta hans sem er sumargata.

BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opíð alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook 
Sími: 770-3113

Vespur til leigu!



Verðin á vespunum eru
6.900 kr. hálfur dagur og
9.900 kr. heill dagur.
Vespurnar eru 50cc og það þarf
eingöngu almennt ökuskráirteini.
20 ára aldurstakmark.

grilliat
grillid.is



FULLKOMIÐ SAMSPIL MATAR OG DRYKKJAR

Við erum stolt af rótum okkar og berum virðingu fyrir sögunni en leyfum okkur að skapa nýstárlega matarupplifun



Sjöundi um sundin blá

Sjöundi bekkur Vesturbæjarskóla fór í siglingu um sundin blá í blíðskaparveðri á dögnum.

Krakkarnir nutu þess að anda að sér sjávarloftinu og skoða ýmis furðudýr úr heimi hafsins. Svo var borðað nesti á hafnarbakkanum.



Góð mæting á sumardaginn fyrsta

Góð mæting var á hátíðina í Vesturbænum á sumardaginn fyrsta og allir í sumarskapi.

Dagskráin var nokkuð hefðbundin, skrúðganga frá Melaskóla að Frostaskjólum þar sem fór fram skemmtileg dagskrá, úti og inni. Sem dæmi má nefna söng frá Öldu Dís, hæfileikakrakkar úr Vesturbænum, hjólaleikni o.m.fl. Einnig var boðið uppá hjólaskoðun sem margir nýttu sér. Líkt og undanfarin ár var skipulagið í höndunum á starfsmönnum Frostaskjólis, en það voru margir sem komu að dagskránni og má t.d. nefna KR, Vesturgarð, Skátafélagið Ægisbúa, Reykjavíkurborg o.fl.



Sungið á inniskemmtun í KR-heimilinu.



Hefðbundin skrúðganga fór fram frá Melaskóla að Frostaskjólum þar sem skátar settu svip á gönguna.



Reiðhjól koma gjarnan við sögu á sumardaginn fyrsta. Þessi ungi maður er að stökkva yfir myndun á reiðhjólum.

Fræðslufundur Húsverndarstofu 18. maí kl. 16 - 18

Yfirborðsmeðhöndlun utanhúss



Húsverndarstofa efnir til fræðslufundar um viðhald og viðgerðir eldri húsa miðvikudaginn 18. maí nk. kl. 16 - 18 í Kornhúsinu í Árbæjasafni.

Á fundinum verður fjallað um yfirborðsmeðhöndlun utanhúss þ.e. málun útveggja, hurða, glugga og þaka. Fjallað verður um málun á timbri, steinsteypu, múr og málmum.

Á fundinum munu sérfræðingar á sviði málunar og utanhússviðhalds fjalla um verndun yfirborðs byggingarefna fyrir tæringu, fúa og öðru niðurbroti. Fjallað verður um mismunandi efni og aðferðir við að hreinsa, verja, grunna og mála hús. Einnig munu framleiðendur og söluaðilar málningar kynna þau efni sem þeir hafa á boðstólum og mun gestum gefast kostur á að prófa efni.

Fundurinn er öllum opin og aðgangur er ókeypis.

HÚSVERNDARSTOFA



Minjastofnun
Íslands



Borgarsögusafn
Reykjavíkur
Reykjavík City Museum



IDAN 10 ára
fræðslusetur

Arcus kaupir Hafnartorgsreitinn



Fyrirhugaðar byggingar á Hafnartorgi.

Arcus ehf, sem er systurfélaga ÞG Verks hefur keypt byggingarreitinn á milli Lækjargötu og Tollhússins og þróunarfélaginu Reykjavík Development áður Landstólpar þróunarfélag. Samkvæmt heimildum er kaupverð um fjórir milljarða króna.

Byggingarreiturinn sem gjarnan gengur undir heitinu Hafnartorg hefur verið mikið til umfjöllunar að undanförnu

þar sem meðal annars hefur verið deilt um fyrirhugað útlit byggingar sem þar á að reisa. Einnig var ákveðið að friða hafnargarð sem kom upp við gróft á svæðinu en mjög var deilt um hvort hann teldist til fornminja m.a. vegna þess að hann er frá árinu 1928 og því ekki orðinn 100 ára. Fyrirhugað er að fjölbreytt starfsemi; verzlun, þjónusta og íbúðir verði í byggingum á svæðinu.

KR-INGAR TIL HAMINGJU MEÐ ÍSLANDSMEISTARATITILINN 2016





Setið að tafli í Hagaskóla.

Um 50 krakkar kepptu á Vesturbæjarbiskupnum

Um 50 krakkar tóku þátt í Vesturbæjarbiskupnum sem er skákmót Vesturgarðs og Skákakademíu Íslands sem haldið var í Hagaskóla 20. apríl sl.

Veitt voru verðlaun í fjórum flokkum, 1.-3. bekkur, 4.-7. bekkur, 8.-10. bekkur og svo í stúlknaflokki. Einnig er veittur bikar fyrir þann skóla sem

sendir flesta þátttakendur og að þessu sinni var það Álfhólsskóli sem vann þetta árið, líkt og í fyrra. Mótið þykir afskaplega gott og vel heppnað og er gaman að sjá að krakkar eru að koma ár eftir ár, en þetta er fjórða árið í röð sem þetta er haldið. Melabúðin er Styrktar- aðili mótsins.



Verðlaunahafar á mótinu.

Fjallað um barnasáttmála SP

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var til umfjöllunar á þemadögum í Landakostsskóla. Sáttmálinn snýst um að mannréttindi eiga að tryggja öllum manneskjum rétt til þess að njóta mannegrar reysnar, eins og meðal annars kemur fram í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948.

Á þemadögum 2016 var nemendum skólans skipt í nokkra hópa. Fréttastofan Barnaréttir heimsótti síðan alla hópana, barnafréttafólk kynnti sér málið, tóku viðtöl og skrifuðu svo fréttir um það sem fyrir augum bar. Virkilega ánægjulegur dagur í Landakotsskóla.



Barnafréttakonurnar Ísafold og Janelle á þemadögum í Landakostsskóla.



Hressir unglíngar úr félagsmiðstöðinni Frosta á leið á Samfestinginn 2016.

Flottir unglíngar í frístundamiðstöðinni Frostaskjóli

Unglíngarnir í frístundamiðstöðinni Frostaskjóli hafa haft í nógu að snúast undanfarna mánuði. Félagsmiðstöðvarnar Frosti og Hofið tóku virkan þátt í Samfestingnum 2016 sem Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi standa fyrir. Frosti átti þar flotta fulltrúa í söngkeppni Samfés, tækniráði Samfestingsins og borðtennismóti Samfés.

Í mars hélt félagsmiðstöðin Frosti Dodgeball-mót í sal Hagaskóla og skemmtu þátttakendur sér konunglega þó hart væri barist. Föstudaginn 8. apríl hélt félagsmiðstöðin Hofið glæsilega árshátíð ásamt öðrum sértækum félagsmiðstöðvum í Reykjavík. Góð mæting var á skemmtunina þar sem boðið var upp á veislumat auk þess sem börnin og unglíngarnir dónsuðu og léku sér. Alda Dís sigurvegari í Ísland got Talent 2015 kom og söng nokkur vel valin lög við góðar undirtektir.

Um miðjan apríl stóðu félagsmiðstöðvarnar Frosti og Hofið auk Ungmennaráðs Vesturbæjar fyrir fjölbreyttum viðburðum í tengslum við Barnamenningarhátíð. Ungmennaráðið stóð fyrir ungmennahæpinginu Stelpur til framtíðar í Ráðhúsi Reykjavíkur, Hofið opnaði ljósmyndasýningu á Sjóminjasafninu og Frosti bauð upp á listviðburðinn Open Art.

Þessa dagana eru unglíngarnir í hjólabrettaklúbb Frosta á fullu að undirbúa hjólabrettamótið Skötuveisluna sem haldið verður á Ingólfstorgi þann 27. maí og má búast við miklu fjöri í kringum það. Með hækandi sól færirst starfsemi félagsmiðstöðvanna



Sigurvegarar Dodgeball-móts Frosta



Gleði og gaman á árshátíð Hofins.

meira út í ferska loftið og því eru hjá unglíngunum okkar á skemmtilegir tímar framundan næstu mánuðum.

Troðfullur Tjarnarsalur á Stelpur til framtíðar

Stelpur til framtíðar nefndist kvennámálþing sem Ungmennaráð Vesturbæjar stóð fyrir í Ráðhúsinu í Reykjavík undir lok apríl. Hátt í tvö hundruð unglingar á aldrinum 13 til 16 ára troðfylltu Tjarnarsalinn, hlýddu á ávörp og ræddu saman um jafnréttismál af eldmóði.

Hugmyndina að málþinginu má rekja til áhuga ungmennaráðs Vesturbæjar um jafnréttismál og þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað meðal unglinga síðustu misseri, m.a. í kjölfar Skrekkatriðis stelpnanna úr Hagaskóla sem vakti mikla athygli en þær kröfðust meira pláss og á að þær væri hlusta. Nemendur úr Hagaskóla og Austurbæjarskóla fjölmenntu á málþingið, en einnig fulltrúar ungmennaráða s.s. úr Breiðholtinu. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, setti málþingið og lýsti ánægju sinni með þetta framtak. Þá fluttu Saga Garðarsdóttir leikkona, Svandís Svavarsdóttir, þingmaður, Sigga Dögg kynlífsfræðingur, Ísold Ugga-dóttir kvikmyndagerðarkona og Elin Jóhannsdóttir lögreglumaður erindi. Að loknum erindum fóru fram umræður í formi heimakaffis sem gaf þátttakendum tækifæri til að ræða saman og skiptast á skoðunum um jafnréttismál og fémínisma.



Fyrirlesarar á málþinginu ásamt Vigdísi Finnbogadóttir.



Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti setti málþingið.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Graenir 
SKÁTAR

– gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Vesturbænum eru m.a. við:
Sundlaugina • Shell • Skátaheimili



Safaríkt sumar!



BESTA NÆRINGIN Í SUMAR?

Súrdeigssamlökur, þeytingar, kaffi, grautar, croissant, te, kökur og margt, margt fleira úr allra besta hráefninu.



FLOTHETTAN

– fyrir meiriháttar sumar!

Innanlands sem utan.

LÆKKAD VERÐ:
16.500 kr.



MÖNTRU ARMBÖND

– á strönd og í sveiti!

Silfruð, gyllt, rósagull.

Gefandi möntrur/pulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



25 - 50% AFSLÁTTUR Í MAÍ

JÓGA- & ÞÆGINDAFÖT

Lífræn, notaleg, falleg & Fair Trade.

Framtíðin er núna.



HARMONIE KOMIÐ Á NÝ

Dr Bach ilmvatn sem færir ró og notalega tilfinningu. Vanilla, fíkja, vatnsmelóna. ECOCERT vottaðir. Án allra aukafna. 6 teg.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

Hægur matur heim slær í gegn

„Við opnuðum fyrir tæpum mánuði síðan og erum þegar komin með mikið af fastakúnum, sem okkur þykir rosalega vænt um og er okkur mikil hvatning.“ segir Raket Eva Sævarsdóttir sem ásamt eiginmanni sínum og þeim Jóni Helga Erlendssyni og Martinu Nardini rekur veitingastaðinn og verslunina Borðið við Ægisíðu 123. Móttökurnar hafa að sögn eigenda farið fram úr björtustu vonum, en ásamt Vesturbæingum og Seltirningum hefur fólk frá ólíklegustu stöðum litið við og tekið hægeldaðan mat með sér heim eftir vinnu.

„Hingað hafa þó nokkrir komið úr Garðabænum og Grafarvoginum og sumir jafnvel oftar en einu sinni,“ segir Raket Eva “en flestir eru úr nærumhverfi okkar.” Þrátt fyrir að áherslan sé á fallega framsettan mat til að taka með sér heim milli 16-20 á virkum dögum og 11-16 á laugardögum stendur til að lengja opnunartímann og bjóða upp á hádegismat, bröns og kvöldmat um helgar þegar fram líða stundir. „Við eigendurnir ætluðum okkur líka að bjóða upp á léttvín og bjór eftir vinnu seinni hluta vikunnar, búa til smá „apertivo“ stemningu og vera með kvöldmat með víni hér á kvöldin, en því miður neitaði Reykjavíkurborg okkur um áfengisleyfi, þrátt fyrir að jákvæð umsögn hafi áður verið veitt fyrir sölu léttvíns á þessum stað,“ segir Raket Eva og bætir við að neikvæðar umsagnir nággranna staðarins hafi gert



Jón Helgi Sen Erlendsson, Martina Vigdís Nardini, Raket Eva Sævarsdóttir og Friðrik Ársælsson

útslagið. „Okkur finnst ofboðslega leiðinlegt að geta ekki boðið okkar frábæru viðskiptavinum upp á léttvín og bjór með mat á kvöldin líkt og nággrannar okkar á Kaffi Vest og Bike Cave hafa leyfi til þrátt fyrir að vera staðsettir í íbúðarhverfi eins og við,“ segir Raket og heldur áfram: „Ég hef fulla trú á því að þetta neikvæða viðhorf til sölu léttvíns sé á undanhaldi og að sala veitinga og léttvíns sé smám saman að færast út fyrir 101. Við Ægisíðu 123 hefur verið verslunarrekstur sleitulaust frá árinu 1947 og það er að okkar mati forneskjulegt

viðhorf að banna sölu léttvíns á kvöldin í rými þar sem áður var video-leiga og hamborgarabúlla með opnunartíma til kl. 23.30.“ segir Raket Eva og hvetur þá sem eru sama sinnis og hún að hafa samband við sig eða koma skilaboðunum áfram til borgaryfirvalda. “Fyrst og fremst viljum við þó þakka öllum þeim fjölmörgu sem eru búnir að koma til okkar í þessar fáu vikur sem við höfum haft opið og hlökkum til að sjá alla aftur sem fyrst!” segir Raket Eva svo að lokum með bros á vör.

Myndlistaskólinn í Reykjavík

Fjölbreytt og spennandi nám í myndlist og hönnun á framhalds- og háskólastigi

Sjónlistadeild - listnámsbraut:

Tveggja ára nám til stúdentsprófs

Eins árs listnám ætlað fólki með stúdentspróf

Tveggja ára diplómanám fyrir fólk með stúdentspróf af listnámsbraut:

Keramík – hönnunarnám með áherslu á fjölbreytta efnispekkingu og verklag

Teikning – áhersla á fjölbreytta teiknitækni, myndskreytingar, myndræna frásögn og teiknimyndagerð

Textill – hönnunarnám með ríka áherslu á efnispekkingu og verklag

Málaralist - ný námsbraut, fjölbreytt tækni og hugmyndavinna

Umsóknarfrestur er til 23. maí

www.myndlistaskolinn.is/umsokn

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Hringbraut 121, 101 Reykjavík • sími: 551 1990



101 optic

Sjónmælingar og linsumátun

Skólavörðustígur 2

101 Reykjavík

s: 511 2500

„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“.

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



SMÁRINN
FASTEIGNAMIDLUN

Safnaði um þremur milljónum fyrir börn í Sýrlandi

Um þrjár milljónir króna söfnuðust í skákmaraþoni Hrafns Jökulssonar, Skákfélagsins Hróksins og Skákakademíu Reykjavíkur til styrktar börnum frá Sýrlandi. Maraþonið fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur á föstudag og laugardag og tefldi Hrafn alls 222 skákir á tæpum 30 klukkustundum við gesti og gangandi.

Krakkar úr Rimaskóla og Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík komu í Ráðhúsið og tefldu fjöltefli í tilefni af skákmaraþoninu. Ragnheiður Gröndal flutti eigin lög ásamt Guðmundi Péturssyni, barnakór Langholtskirkju kom fram undir stjórn Bryndísar Baldvinsdóttur og fjöldi fólks fór í fjögurra mínútna langt ferðalag í flóttamannabúðir í Jórdaníu með hjálp sýndarveruleika.

Fjöldi fyrirtækja og einstaklinga hafði í aðdraganda maraþonsins heitið á Hrafn. Þetta voru GAMMA, Landsbankinn, Íslandsbanki, Vodafone, TM, Kvika,



Hér má sjá Hrafn Jökulsson með ungum skákáhugamönnum í Ráðhúsinu.

Nova, Logos, Dominos, Hagar, Vilhjálmur Þorsteinsson, Vignir S. Halldórsson og Viggó Einar Hilmarsson. Einn velunnari sem ekki vildi láta nafns síns getið greiddi 1.000 krónur fyrir hverja

skák og annar 2.000 krónur. Söfnunarféið fer í neyðaraðgerðir UNICEF í Sýrlandi og nágrennaríkjunum en milljónir barna búa þar við skelfilega neyð.

Erindi jafnaðarmanna

Það er alvarlegt mál fyrir íslenskt samfélag þegar að Samfylkingin, jafnaðarmannaflokkur Íslands, sem ætti að vera stærsti stjórnmálaflokkurinn hér á landi, mælist samkvæmt könnunum undir 10%. Þessu verður að breyta svo hugsjónir jafnaðarstefnunnar geti orðið að veruleika um jafnrétti og jöfnuð. Eigum við jafnaðarmenn erindi á 21. öldinni?

Grunngildi jafnaðarstefnunnar hafa frá fyrstu tíð verið jafnræði, réttlæti, sam hjálp og friður. Barátta jafnaðarmanna hér á landi hefur í 100 ár verið fyrir velferð einstaklinga, félagslegu réttlæti, eflingu atvinnulífs og samngjörnum viðskiptum. Baráttan er ekki síður fyrir því að skila lífvænlegri veröld til komandi kynslóða með umhverfisvernd í anda sjálfbærrar þróunar. Við berjumst gegn hvers kyns spillingu og þeim stjórnmálaöflum sem styðja hag forréttindahópa. Nýleg dæmi sýna að ekki er vanþörf á að uppræta spillingu í íslensku samfélagi.

Svarið við spurningunni er augljóslega já, því forgangsmál jafnaðarstefnunnar eru sigild og eiga jafn vel við nú og áður.

100 árum síðar

Í dag snýst baráttan á Íslandi um það sama og áður. Réttlátt skattkerfi, heilbrigðiskerfið, skólakerfið, almannatryggingar og húsnæðismál. Allt eru þetta

hjartansmál jafnaðarmanna.

Verkefni okkar eru að styrkja stöðu ungs fólks, barnafjölskyldna, aldraðra, fatlaðra og öryrkja. Öjöfnuð sem birtist í óréttlátri skattastefnu og aukinni gjaldtöku í heilbrigðis- og menntakerfinu þarf að stöðva strax. Til þess þarf samstillt átak jafnaðarmanna. Ég vil vinna af krafti að því að heilbrigðisþjónusta verði ókeypis, að sett verði ný stjórnarskrá, að arðurinn af auðlindum skili sér til okkar allra og lífvænlegu umhverfi til komandi kynslóða. Til þess þarf sterka Samfylkingu.

Þess vegna hef ég ákveðið að gefa kost á mér til formanns Samfylkingarinnar. Því ég vil leggja mig alla fram við að bæta íslenskt samfélag.

Formannskjör í Samfylkingunni fer fram með rafrænum hætti 28. maí til hádegis 3. júní. Allir þeir sem skráðir eru í Samfylkinguna kl. 12:00 á hádegi 7. maí geta tekið þátt í kosningunni. Skráning í Samfylkinguna og nánari upplýsingar eru á síðunni samfylking.is.

*Oddný G. Harðardóttir
þingmaður Samfylkingarinnar.*



Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskuljúðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir



Ríkislögreglustjórnin

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

TUDOR SKORRI TUDOR
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Sumarnámskeið Myndlistaskólans

í júní og ágúst

Skráning á vef skólans www.myndlistaskolinn.is
MYNDLISTASKÓLINN
 Í REYKJAVÍK

Hringbraut 121, 101 Reykjavík • sími: 5511990

Tekur leikskólinn Ós við rekstri Mýrar?

Til athugunar er að loka Leikskólanum Mýri í Litla Skerjafirði eða að sameina hann rekstri foreldrarekna leikskólans Ós við Bergþórugötu. Leikskólinn Mýri hefur starfað síðan 1. september 1989. Fyrstu sjö árin var hann foreldrarekinn og leigðu foreldrar húsið af Læknafélagi Reykjavíkur. Ástæðan er sú að útlit er fyrir að börnum fækki í Vesturbænum.

Fyrir skömmu var foreldrum leikskólanna á Mýri tilkynnt af skóla- frístundaráði Reykjavíkurborgar að framtíð skólans var til umræðu. Bent var á að skólastjóri væri að láta af störfum á komandi sumri og einnig útlit fyrir að einungis um 30 börn verði í skólanum á komandi vetri og ástæðan sögð að útlit sé fyrir að börnum sé að fækka í Vesturbænum. Þá hefur einnig komið fram að verið sé að leita að framtíðarhúsnæði fyrir leikskólann Ós við Bergþórugötu en hann er



Leikskólanum Mýri í Litla Skerjafirði.

svokallaður foreldraleikskóli og rekinn af foreldrum barna sem njóta skólavistar. Í því sambandi hefur sú hugmynd komið fram að Ós taki að sér rekstur leikskólans Mýrar. Verði það niðurstaða athugana skóla- og frístundaráðs

mun foreldrum barna sem dvelja á Mýri bjóðast áframhaldandi skólavist þar en einnig að senda börn í aðra leikskóla í hverfinu. Tekið skal fram að engar ákvarðanir hafa verið teknar um þetta mál þar sem það er á athugunarstigi.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vakt símar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Sálumessa Mozarts í Neskirkju

Kór Neskirkju og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna munu flytja Sálumessu Wolfgangs Amadeusar Mozarts í Neskirkju sunnudaginn 22. maí kl. 17.00.

Flytjendur á tónleikunum ásamt Kór Neskirkju verða Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir alt, Gissur Páll Gissurarson tenór og Fjölur Ólafsson bassi. Stjórnandi er Oliver Kentish, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna.

Sálumessa eða Requiem er síðasta verk sem Mozart vann að en það var ófullgert er hann lést árið 1791. Af öllum þeim fjölda sálumessa sem samdar voru á 18. öld nýtur verk Mozarts einnar mestrar hylli. Að margra mati nær list tónskáldsins hápunkti sínum í verkinu og er samspil texta og tónlistar sérstaklega eftirtektarverð. Eftir andlát Mozarts fól ekkjan, Constanze, Franz Xaver Süßmayr samstarfsmanni og nemenda Mozarts að fullgera verkið.



Lengjubikarmeistarar KR 2016.

Mætum á völlum í sumar og styðjum KR til sigurs!



KR Íslandsmeistari í körfubolta



Brynjar Þór Björnsson hampar Íslandsmeistarabikarnum í körfubolta og er þetta í 15. sinn sem KR verður Íslandsmeistari í meistaraflokki karla.

KR er Íslandsmeistari karla í körfubolta þriðja árið í röð eftir að hafa lagt Hauka 3-1 í úrslitaviðureigninni. KR tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn með 84-70 sigri á Haukum á Ásvöllum. Leikurinn var gríðarlega jafn framan af en á lokakaflanum sigldi reynslumikið lið KR fram úr og tryggði félaginu 15. Íslandsmeistaratitilinn í sögu félagsins.

Kjarni KR sem hefur tekið þátt í síðustu þremur titlum, þeir Helgi, Darri, Brynjar og Pavel stóðu sig allir vel. Brynjar Þór var verðskuldið valinn verðmætasti leikmaður úrslitakeppninnar, enda átti hann frábærar seríur eins og sönnum fyrirliða

sæmir. Helgi Már Magnússon lék (líklegast) sinn síðasta leik á ferlinum en hann flytur nú búferlum vestur um haf og er hægt að skrifa heilu ritgerðina um framlag hans til KR, íslensks körfubolta, en upp úr stendur að hann er heill í gegn og fyrirmynd annarra íþróttamanna. KR-ingar létu ekkert stöðva sig í leiknum og lagði liðið Hauka nokkuð örugglega, 80:74, eftir mjög spennandi fyrri hálfleik en staðan eftir hann var 39:43 KR í vil. Leikurinn var harður, skemmtilegur og mjög spennandi frá fyrstu mínútu og allt þar til í fjórða hluta að liðin skildust að.

Helgi og Guðrún valin best

Aðalfundur Knattspyrnufélags Reykjavíkur fór fram í KR heimilinu í lok apríl og var vel mæt á fundinn.

Heiðraðir voru íþróttamenn deilda og valdir voru íþróttakarlar og kona KR og var Helgi Már Magnússon körfuboltamaður valinn íþróttakarlar KR og Guðrún G. Björnsdóttir borðtenniskona valin íþróttakona KR.



Guðrún G. Björnsdóttir, Gylfi Aðalsteinsson formaður KR og Helgi Magnússon.

Borðtennis:

KR-A Íslandsmeistari í 1. deild kvenna

A-lið KR varð á dögnum Íslandsmeistari í 1. deild kvenna annað árið í röð, eftir 3-0 sigur á A-liði Víkings í Íþróttahúsi Hagaskóla.

Þetta var annar leikurinn í úrslitakeppni liðanna en KR vann fyrsta leikinn 3-1. Aldís Rún Lárusdóttir og Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir léku leikinn í kvöld fyrir KR, en auk þeirra voru Ásta M. Urbancic og Guðrún G. Björnsdóttir í liðinu í vetur.



KR-SÍÐAN



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



www.kr.is



Rauða Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eda

BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur



www.kr.is



LÁGT VERÐ ALLA DAGA

SÍÐAN 1962

HELGARTILBOÐ



barbecook

SIESTA 310 gasgrill, 14,9 kW,
Grillflötur: 35x43 + 2x(13,5x43) cm,
emileraðar grillgrindur úr pottjárni,
emileruð efri grind, 3 brennarar,
hitamælir í loki.

64.995 kr.

50689231 - Almenn verð: 84.995kr.



Broil King
Great Barbecues Every Time

SIGNET 20 11,7 kW Ryðfritt
brennakerfi, mjög sterkar
grillgrindur úr pottjárni, ryðfritt
eldunarkerfi, þrjú ryðfiri brennarar,
gaskranar með 180° tökkum,
elektrónískt kveikikerfi,
hitamælir í loki.

79.995 kr.

50657504 - Almenn verð: 99.995kr.



NAPOLEON

TRIUMPH 495 4B
Kraftur: 18,4 kW, 5 brennarar
(4 aðalbrennarar), JETFIRE™
Kveikikerfi, WAVE™ grillgrindur
úr pottjárni, ACCU PROBE™,
hitamælir, áfastur flöskuopnari.

119.995 kr.

506600034 - Almenn verð: 139.995kr.

SKOÐADU GRILLÚRVALIÐ Á BYKO.IS

-20%

Sláttuvél OY46P, fjór-
gengismotor, 2,3kW,
sláttubreidd 46cm,
5 hæðastillingar, 60L safnpoki

39.995 kr.

53323140 - Almenn verð: 49.995kr.

OUYAO



Stafrænn kjóhitamælir, þráðlaus

4.995 kr.

506670006 - Almenn verð: 5.995 kr.



PRO Pizzasteinn með pizzuskera.

4.995 kr.

506670001 - Almenn verð: 6.995 kr.



Grillsett, 3 stk

2.995 kr.

506670019 - Almenn verð: 3.995 kr.

Sláttuorfi GH-BC 25 A,
tví-gengismotor, 0,75kW,
23 cm sláttubreidd með hnif,
42cm með þræði.

22.995 kr.

74830073 - Almenn verð: 26.995kr.

Einhell®

-15%

HELGARTILBOÐ Á VÖLDUM VERKFERUM



Multisög
200W 1470AA.

-30%

8.395 kr.

74092390 - Almenn verð: 11.995kr.



Rafhlöðuborvél
10,8V, 2X1,3A.

-30%

11.895 kr.

74867055 - Almenn verð: 16.995kr.



Málningarsprauta
PFS 55, 280W, 0,6l.

-30%

11.895 kr.

74867055 - Almenn verð: 16.995kr.



Borvél
PSB 500-RE, 500W.

-30%

6.925 kr.

74860500 - Almenn verð: 9.895kr.



Rafhlöðuskrúfjárn
GDR 10,8 V-Li, 1,3A.

-30%

24.495 kr.

74874107 - Almenn verð: 36.595kr.



Rafhlöðuborvél
GSR 14,4, 2 Li, 2X1,5A.

-30%

24.995 kr.

74874094 - Almenn verð: 34.995kr.

OPNUNARTÍMI UM HVÍTASUNNU

**15. MAÍ - HVÍTASUNNUDAGUR
LOKAÐ**

16. MAÍ - ANNAR Í HVÍTASUNNU

BREIDD / GRANDI **11-17**

TIMBUR / LAGNAVERSLUN /

LEIGUMARKAÐUR **11-16**

AKUREYRI / SELFOSS / SUÐURNES

REYÐARFJÖRÐUR **LOKAÐ**

20% AFSLÁTTUR

12.-17. MAÍ



BOSCH

SKIL

Einhell®

PANTADU RÁDGFÖF VIÐ

GARÐA- HÖNNUN

Í sumar mun Björn Jóhannsson,
landslagsarkitekt, veita
viðskiptavinum ráðgjöf vegna
framkvæmda í garðinum.



3D MYNDIR AF GARÐINUM

HÁLFTÍMA
RÁDGFÖF KOSTAR
4.995KR.

Sú upphæð nýtist sem inneign
þegar keypt er efni í garðinn í BYKO.
Skráning á netfangið
gudrunhalla@byko.is
eða í síma **5154144**.



byko.is

AUDVELT AD VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO

GERUM PETTA SAMAN